

um sakir útmælingarinnar, og ef svo væri, hversu miklu þessi rýrnun næmi árlega, og 29  
ætti leiguliði þá að fá tilsvarendi linun í eptirgjaldi sínu eptir jörðina. 10. marz.

Samkvæmt þessu hafið þjer lagt það til,

- 1, að útmæling sú, sem fram fór 12. ágúst f. á., á lóð í Ólafsvík til Jóns borgara Árnasonar til verzlunar og húsastæðis, verði staðfest;
- 2, að Jón Árnason fái hina útmældu lóð til fullkominna afnota, óháða leiguliðanum á Ólafsvík, þó þannig, að hann megi ekki byggja bæi eða búðir á lóðinni til að leigja öðrum nje heldur megi leigja öðrum uppsátur á lóð sinni, og
- 3, að hið árlega gjald eptir lóðina verði ákveðið 30 kr. og renni í landssjóð, en að leiguliðinn á Ólafsvík, sá sem nú er, fái linun í eptirgjaldi sínu eptir jörðina, sem svarar hinni árlegu rýrnun í leiguliðanotum hans sakir lóðarmissisins, eptir óvilhallra dómkvaddra manna mati.

Útaf þessu vil jeg þjónustusamlega tjá yður, að jeg fellst hjermeð að öllu leyti á ofangreindar tillögur yðar.

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um byggingu kirkju á 30  
Eyrarbakka. — Með þóknanlegu brjefi 22. desbr. f. á. hafið þjer, háæruverðugi herra, 11. marz.

jafnframt því að senda hingað paraðlútandi erindi sóknarnefndarinnar í Stokkseyrarsókn og útdrátt úr hjeradsfundargjörðum Árnassprófastsdæmis, lagt það til, samkvæmt skjölum þessum, að landshöfðinginn veitti samþykki sitt til að Stokkseyrarsöfnuður, sem þjer skýrið frá að í næstkomandi fardögum muni taka að sjer kirkjufjárhald í Stokkseyrarsókn, megi byggja nýja kirkju á Eyrarbakka, auk þeirrar sem þegar er á Stokkseyri, að báðar kirkjur þær, sem þannig verða í sókninni, megi hafa sameiginlegan sjóð, og að einn og sami kirkjugarður verði fyrst um sinn notaður frá báðum kirkjum.

Útaf þessu læt jeg ekki hjálíða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg samkvæmt 4. gr. laga um skipun prestakalla 27. febr. 1880 fellst hjermeð á ofangreindar tillögur yðar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um fram- 31  
færslu þurfalings. — Með þóknanlegu brjefi, 22. desbr. f. á., hafið þjer, herra amt- 13. marz

maður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Bólstaðarhlíðarhreppi með fleiri skjölum, þarsem hún áfrýjar til landshöfðingja úrskurði yðar felldum 17. febr. s. á., en með úrskurði þeim staðfestuð þjer úrskurð sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 12. apríl 1884, er ákvað, að Jósep nokkur Jósepsson Stiesen væri sveitlægur í fæðingarhreppi sínum, Bólstaðarhlíðarhreppi, er því bæri að endurgjalda Vindhælishreppi styrk þann, er hreppur sá hefði veitt eða kynni að veita tjeðum Jósepi.

Það má álitast sannað undir málinu, að ofannefndur Jósep flutti inn í Vindhælishrepp í sláttarbyrjun 1866, og þó eigi reglulega fyrri en árið eptir, en flutti aptur úr hreppnum um vorið eða krossmessuleitið 1876, og að hann því eigi hafi dvalið 10 ár samfleytt í Vindhælishreppi; auk þessa er það sannað með útskrípt úr sveitarbók Bólstaðarhlíðarhrepps, að honum árið 1874 hefur verið lagt af Bólstaðarhlíðarhreppi 120 fiskar.